

Ed.

852. Nefndarálit

[364. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frá árinu 1962 hefur lausaskuldum í landbúnaði verið breytt í föst lán fyrir atbeina veðdeildar Búnaðarbanka Íslands. Síðast átti sér stað skuldbreyting árið 1984. Skuldbreytingarlánin eru ýmist til 10 eða 12 ára. Heildarupphæð þeirra er um 500 millj. kr. U.þ.b. 100 millj. kr. eru lánaðar með viðmiðun við bandaríkjadollara og eru vaxtakjör þeirra lána 9,25%. Önnur lán eru að upphæð u.þ.b. 400 millj. kr. með 2,75% vöxtum.

Þeir bændur, sem hér eiga hlut að máli, eru um 700 og eru heildargreiðslur vaxta og afborgana á ári af skuldbreytingarlánunum um 75 millj. kr.

Það verður að teljast eðlilegt að lengja lánin um 10 ár og samræma vexti þeirra kjörum Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Greiðslur eftir slíkar aðgerðir, sem Stofnlánadeildin verður að taka á sig, munu því nema um 35 millj. kr. á ári. Lækka því greiðslur bænda af skuldbreytingarlánunum um sömu upphæð.

Skuldbreytingar í landbúnaði hafa átt sér stað á nokkurra ára fresti. Með þeim ráðstöfunum, sem hér eru áformaðar, er farið inn á aðrar brautir, þ.e. að bæta lánskjör frekar en að skuldbreyta.

Framangreindum ákvörðunum fylgja miklar kvaðir á Stofnlánadeildina. Samkvæmt upplýsingum sem framkvæmdastjóri hennar, Leifur Jóhannesson, gaf nefndinni er deildin fær um að taka þessi verkefni að sér. Hins vegar er augljóst að Stofnlánadeildin ræður ekki við frekari skuldbindingar vegna yfirtöku lána frá veðdeildinni. Þess vegna flytur nefndin tillögu á sérstöku þingskjali sem tryggir að þær kvaðir, sem Stofnlánadeildin tekur á sig, séu að upphæð og greiðslukjörum þær sömu og gilda um þau skuldabréf sem Stofnlánadeildin eignast. Að öðru leyti mælir nefndin með samþykkt frv.

Kolbrún Jónsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. apríl 1986.

Egill Jónsson,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Jón Sveinsson.

Eiður Guðnason.

Helgi Seljan.

Þorv. Garðar Kristjánsson.